



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1031**  
**komudagur 11.2.2014**

Reykjavík, 6. febrúar 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðaákvæðis), 274. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) eru sammála því sjónarmiði að mikilvægt sé að taka mið af alþjóðlegum reglum á þessu sviði og telja því rétt að hin fyrirhugaða löggjöf taki mið af væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins um skilameðferð fjármálafyrirtækja.

Umrætt ákvæði veitir Fjármálaeftirlitinu afar víðtækar heimildir til þess að grípa inn í fjármálafyrirtæki þar sem það getur tekið sér rétt hluthafafundar, skipað nýja stjórn og ráðstafað öllum eignum og það án þess að hluthafar og stjórnendur hafi svo mikið sem skilgreindan andmælarétt í því ferli.

Hinsvegar telja þau rétt að skoða aðeins nánar forsendur umrædds bráðabirgðaákvæðis og hvort nauðsyn sé til að framlengja það að svo stöddu óbreytt til tveggja ára til viðbótar. Efnislega samhljóða ákvæði kom fyrst inn í lögina sem hluti af neyðarlögunum svokölluðu (lög nr. 125/2008) er tóku gildi 7. október 2008. Átti að endurskoða lögina í heild fyrir 1. janúar 2010. Ákvæðið var síðan sett inn sem bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 44/2009 og var þá ætlað að gilda til 1.7.2010. Hefur gildistími þess síðan verið þrívægis verið framlengt, fyrst til 1.7.2011, síðan til 1.7.2012 og nú að lokum til 31.12.2013 er það féll út gildi.

Er nú liðið á sjötta ár frá hruni og er endurskipulagningu íslenskra fjármálafyrirtækja nær lokið og engin teikn á lofti um annað en heilbrigðan rekstur þeirra. Kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja hafa aldrei verið meiri og eru kröfur um eiginfjárhlutfall nú mun ríkari en áður og mun ríkari en í helstu samanburðarlöndum. Þessar ríku og íþyngjandi kröfur gera það að verkum að fjármagnskostnaður hér á landi er mjög hár og takmarkar það tækifæri til fjárfestinga í atvinnulífinu. Leyfa samtökin því að spyrja sig hvort að eðlilegt sé að tímabundin ákvæði sem sett voru á grundvelli neyðarréttar framlengist nær sjálfkrafa þannig að gildistími þess sé farinn að ganga á áttunda ár án þess að það sé tekið til skoðunar hvort að nokkur þörf sé á slíkri heimild.

Vilja samtökin leggja áherslu á mikilvægi þess að vandað sé til allrar lagasetningar um fjármálafyrirtæki sem varðar fjármálafyrirtæki og að sérstakar neyðarráðstafanir sem þessar séu ekki framlengdar takmarkalaust án þess að efnisleg umræða eigi sér stað um nauðsyn þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Bergþóra Halldórsdóttir*